

1875

Fluttar 925 krónur

37

19da  
maí

31.	Steinun Jónsdóttir, ekkja síra Páls Jónssonar á Höskuldsstöðum . . . . .	35	—
32.	Elizabet Jónsdóttir, ekkja eptir síra Bøðvar Þorvaldsson á Melstað . . . . .	40	—
		<u>alls</u>	<u>1000</u> —

38

19da  
maí*Brjef landshöfðingja (til beggja amtmanna)*

um að	5	ljósmæðrum í Skaptafellsýslu,
	7	— — — — Rangárvallasýslu,
	12	— — — — Árnessýslu,
	9	— — — — Gullbringu- og Kjósarsýslu,
	5	— — — — Borgarfjarðarsýslu,
	1	— — — — Mýra- og Hnappadals-sýslu,
	2	— — — — Snæfellsnessýslu,
	1	— — — — Dalasýslu,
	1	— — — — Barðastrandarsýslu,
	4	— — — — Ísafjarðarsýslu,
	1	— — — — Strandasýslu,
	3	— — — — Húnavatnssýslu,
	2	— — — — Skagafjarðarsýslu,
	9	— — — — Eyjafjarðarsýslu,
	6	— — — — Þingeyjarsýslu,
	3	— — — — Norður-Múlasýslu og
	»	— — — — Suður-Múlasýslu,

alls 71 ljósmæðrum<sup>1</sup> sje veittur samkvæmt tillögum landlæknisins 2 króna 81 eyris styrkur hverri, af þeim 200 krónum, sem konungsbrjef frá 20. júní 1766, 3. gr. skipar, að úthluta skuli árlega til allra ljósmæðra hjer á landi.

39

2an  
júní*Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu).*

Með þóknanlegu brjefi frá 30. janúar þ. á. meðtók jeg frá yður herra amtmaður bórnarbrjef Sveins Sveinssonar á Hólum í Hjaltadal um, að honum, með tilliti til þess, að hann hefur um síðastliðin 46 ár fengizt við að sitja yfir sængurkonum í sveit sinni og nærsveitunum og tekið við nokkuð yfir 600 börnum, verði útvegaður lítill árlegur styrkur í elli sinni. Bórnarbrjefinu fylgdi álit hlutaðeigandi sýslumanns, og leggið þjer til, að hið umbeðna verði veitt eður þá að beiðandanum veitist styrkur í eitt sinni fyrir öll.

Af þessu tilefni læt jeg ekki hjálða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að þó beiðandinn með yfirsetum sínum hafi gjört mikið gagn í hjeraði því, er hann hefir verið búsettur í, og þó hann með alúðarfullri og ósjerplæginni hjálpsemi sinni hafi unnið til verðlauna, virðist þetta starf hans eigi hafa varðað almenning þannig, að honum fyrir það verði lagður styrkur af landssjóði eður hinum almenna læknasjóði. Þar í mót sje jeg ekki betur enn, að mikil ástæða gæti verið fyrir sýslunefndina í Skagafjarðarsýslu, til að veita beiðandanum lítinn árlegan styrk í þokkabót fyrir starfa þann, sem hann nú um langt árabíl hefur gegnt án

1) Þar að auki eru lagðar einni ljósmóður á Vestmannaeyjum 60 krónur á hverju ári úr læknasjóðnum (op br. 24. marz 1863) og 2 ljósmæðrum í Reykjavík, hverri 100 krónur úr landssjóði (kannselliðbrjef 17. septbr 1803 og 23. marz 1840).